

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar og borgarstjórnar Reykjavíkur um breytingu á deiliskipulagi.

*Brú yfir Fossvog, breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 13. febrúar 2024 og umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur 20. mars 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir brú yfir Fossvog. Í breytingunni felst að legu landfyllingar, akbrautar, göngu- og hjólastíga, áningarstaða, biðstöðva fyrir almenningsvagna er uppfærð í samræmi við forhönnun. Deiliskipulagsmörk breytast til að rúma eftirfarandi atriði að fullu innan deiliskipulagsins: legu akbrautar, stíga, yfirborð landfyllingar og frágang á grjótgarði. Einnig er skilgreind staðsetning háspennustrengs og varúðarsvæði hans í landi Kópavogs. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

9. apríl 2024.

**Auður Dagný Kristinsdóttir**  
skipulagsfulltrúi Kópavogs.

**Björn Axelsson**  
skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.